

64 bæjarstjórnin lögveð í húsinu eða lóðinni næstu tvö ár eftir gjald-
2. septbr. daga og gengur sá veðrjettur fyrir öllum veðskuldum eftir samningi.

5. gr.

Lögtaksrjettur fylgir öllum kröfum samkvæmt reglugjörð þessari.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. okt. þ. á., og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. sept. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

65

3. septbr.

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á hafnarreglugjörð Siglufjarðarkaupstaðar 9. maí 1922 og reglugjörð um viðauka við sömu reglugjörð frá 12. apríl 1926.

1. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Siglufirði og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða lestargjald einu sinni á ári 50 aura fyrir hverja smálest.
- b. Innland fiskiskip greiði 10 aura fyrir hverja smálest í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip, sem koma til hafnar, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, er sannast í sjóprófi, sem haldið er, skulu greiða 20 aura í lestargjald fyrir hverja smálest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Þó er hafnarnefnd heimilt að lækka gjald þetta eða fella burtu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.
- d. Af íslenskum geymsluskrokkum og veiðiskipum, þar sem unnið er úr sjófangi, t. d. síldarsöltun, og bræðsluskipum, skal gjalda auka-

gjald 75 aura af hverri smálest. Sama aukagjald skal gjalda af íslenskum skipum, sem á höfninni safna í sig síld, sem ætluð er til bræðslu, og af íslenskum dráttarskipum slíkra skipa. Erlend skip (ef leyft yrði að safna í þau síld til verksmiðjuíðnaðar), svo og dráttarskip slíkra skipa, greiði þrefalt aukagjald. **65** ^{3. septbr.}

2. gr.

Ef flutningaskip liggur lengur á höfninni en 6 daga, skal það greiða lestargjald að nýju fyrir hverja 6 daga eða brot úr þeim. Þó skulu flutningaskip, sem bíða eftir síldarfarmi og búsettur maður eða maður, sem á síldarstöð í kaupstaðnum, hefir á leigu eða á, ekki greiða gjaldið fyr en eftir 10 daga.

Nú er skip veðurtept og telst sá tími ekki með.

3. gr.

Öll skip, sem koma til hafnar á tímabilinu frá 1. ágúst til 14. maí, — að báðum dögum meðtöldum —, og hafnargjald greiða samkvæmt hafnarreglugjörðinni, skulu greiða ljósgjald sem hjer segir:

- a. Skip, sem getið er um í 1. gr. a., greiði 10 kr. á ári.
- b. Skip, sem getið er um í 1. gr. b., greiði 3 kr. í hvert skifti, sem þau koma til hafnar.
- c. Öll önnur skip greiði: undir 100 smálestir 5 kr., 100—200 smál. 10 kr. og yfir 200 smál. 30 kr. í hvert skifti, er þau koma til hafnar. Þó greiða farþegaskip yfir 200 smál. aðeins 1 eyri af smál. í hvert skifti. Farþegaskip, sem koma hjer við á leiðinni til Akureyrar og snúa þar við aftur til Siglufjarðar og skipa ekki hjer upp vörum nema annað skiftið, greiða ljósgjaldið aðeins annað skiftið.

4. gr.

Vjelbátar 12 smál. brúttó og minni greiði sem hafnargjald, (bryggjugjald) og ljósgjald 2 kr. í hvert skifti, er þeir leita hafnar.

Vjelbátar 5 smál. og minni, sem heima eiga á Siglufirði, greiði 5 kr. árlegt gjald.

5. gr.

Innlend skip, sem lagt er í vetrarlagi á höfninni, greiði 25 aura fyrir hverja smálest á ári. Útlend skip greiði 1 kr. fyrir hverja smálset á mánuði.

6. gr.

Með reglugjörð þessari eru feldar úr gildi 5.—10. gr. hafnar-

65 reglugjörðar fyrir Siglufjarðarkaupstað 9. maí 1922 og reglugjörð
3. septbr. um viðauka við sömu reglugjörð frá 12. apríl 1926.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóv. 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. sept. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

66 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Barnastyrkt-
11. septbr. arsjóð Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14. septbr. 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Barnastyrktarsjóð Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Barnastyrktarsjóður Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík“, og er stofnaður 1926, á fæðingardag hennar, þ. 8. desbr.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður að tillögum frá nefndu kvennfjelagi og frá einstaklingum fyrir þess forgöngu, og er nú að upphæð kr. 150,00. Leggur fjelagið til hans árlega að minsta kosti 50—100 kr., meðan það er við líði, og tekur við öðrum tillögum eða gjöfum, er honum kunna að hlotnast.